

Ákvæði auglýsingar nr. 163 frá 26. ágúst 1960, um umferð í Hafnarfirði, breytast í samræmi við ákvæði þessarar auglýsingar.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði, 15. júlí 1966.

Einar Ingimundarson.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald lyfjabúða fyrir árið 1966.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum ber að greiða fyrir árið 1966 vegna eftirlits með lyfjabúðum samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur:	Kr.	15 000.00
II.	—	— 12 000.00
III.	—	— 9 000.00
IV.	—	— 6 000.00
V.	—	— 3 000.00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins sem hér segir:

- I. flokkur: Reykjavíkur apótek.
- II. flokkur: Ingólfs apótek,
Laugavegs apótek,
Lyfjabúðin Iðunn,
Stjörnu apótek.
- III. flokkur: Apótek Austurbæjar,
Apótek Keflavíkur,
Hafnarfjarðar apótek,
Holts apótek,
Vesturbæjar apótek.
- IV. flokkur: Akranes apótek,
Akureyrar apótek,
Apótek Austurlands, Seyðisfirði,
Apótek Vestmannaeyja,
Garðs apótek,
Kópavogs apótek,
Laugarnes apótek,
Sauðárkróks apótek,
Selfoss apótek.
- V. flokkur: Apótek Neskaupstaðar,
Borgarnes apótek,
Dalvíkur apótek,
Ísafjarðar apótek,
Húsavíkur apótek,
Siglufjarðar apótek,
Stykkishólms apótek.

3. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins fyrir 15. október 1966.

Gjaldið er lögtakskræft.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsalalaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. ágúst 1966.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 2 við sérlyfjaskrá frá 30. september 1965.

Frá og með 15. ágúst 1966 gengur í gildi viðauki og breytingar nr. 2, útgefnar í dag, við sérlyfjaskrá frá 30. september 1965.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. ágúst 1966.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um afgreiðslutíma lyfjabúða.

1. gr.

Lyfjabúðir skulu vera opnar, sem hér segir:

I. Almennur afgreiðslutími skal vera, sem hér segir:

mánudaga—fimmtudaga	kl. 9—18
föstudaga	— 9—19
laugardaga	— 9—12
aðfangadag og gamlársdag	— 9—12

Í desember er lyfjabúðum heimilt að hafa opið umfram almennan afgreiðslutíma á sama hátt og almennar verzlánir á hverjum stað.

II. Lyfjabúðir í Reykjavík skulu auk framangreinds afgreiðslutíma vera opnar tvær saman eina viku í senn, sem hér segir:

mánudaga—fimmtudaga	kl. 18—21
föstudaga	— 19—21
laugardaga	— 12—16
helgidaga og almenna fridaga	— 10—16
aðfangadag og gamlársdag	— 12—16

Nánari reglur um skiptingu þessa afgreiðslutíma milli lyfjabúða setur landlæknir að fengnum tillögum Apótekarafélags Íslands.